
Hólsvirkjun í Fnjóskadal Ákvörðun um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 5. maí 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Arctic Hydro að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.07 í 1. viðauka laganna og ákvörðun Skipulagsstofnunar þann 27. febrúar 2017 um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hólsvirkjun í Fnjóskadal, 5,5 MW vatnsaflsvirkjun. Tillaga að matsáætlun. Arctic Hydro og Efla, 3. maí 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Þingeyjarsveit með tölvupósti dags. 22. júní 2017.
- Fiskistofu með bréfi dags. 13. júní 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. júní 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. júní 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 13. júní 2017.
- Orkustofnun með bréfi dags. 8. júní 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júní 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. júní 2017.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Efnistaka

Í kafla 2.2.6 á bls. 21 í tillögu framkvæmdaraðila er fjallað um efnistöku og í kafla 4.6.4 á bls. 35 er fjallað um jarðmyndanir. Fram kemur að leitast verði við að taka efni í lónsstæðum og í opnum efnisnámmum við heimreið að Ytra-Hóli. Auk þess er gert ráð fyrir að opna fjögur ný efnistökusvæði í melum á og við framkvæmdasvæðið.

Í frummatsskýrslu þarf að afmarka efnistökusvæði, gera grein fyrir heildarefnispörf og hámarki efnis sem fyrirhugað er að taka á hverjum efnistökustað. Tilgreina þarf hvers konar jarðmyndanir verði nýttar til efnistöku. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum og frágangi hvers efnistökusvæðis að loknum framkvæmdum.

Tenging við raforkukerfið

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að samhliða gerð virkjunarinnar verði lagður 33 kV jarðstrengur að Rangárvöllum á Akureyri. Útfærsla og undirbúningur strengsins sé alfarið í höndum Rarik.



Skipulagsstofnun bendir á að tenging við raforkukerfið er nauðsynleg til að rekstur Hólsvirkjunar gangi með tilætluðum hætti. Því er ekki unnt að undanskilja jarðstreng við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu jarðstrengs frá stöðvarhúsi að tengivirki við flutningskerfi raforku. Gera þarf grein fyrir áhrifum jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.

Meningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er vísað til umsagnar stofnunarinnar þegar fjallað var um matsskyldu Hólsvirkjunar. Þá hafi stofnunin lagst gegn vegstæði í gegnum selstæði Hólssels. Stofnunin ítrekar að mikilvægt sé að finna leið til að raska ekki minjaheild Hólssels. Þá sé mikilvægt að í frummatsskýrslu verði birt kort eða loftmynd þar sem útlínur fornleifa og fyrirhugaðra mannvirkja koma fram.

Í svörum Arctic Hydro kemur fram að brugðist hafi verið við ábendingum Minjastofnunar og vegstæðið þveri ekki selstæði Hólssels.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Minjastofnunar. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á uppdrætti eða loftmynd allar þekktar minjar og fyrirhuguð mannvirki og leggja mat á hvort og þá hvaða hættu minjum stafar af framkvæmdum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugað er að beita, eftir því sem við á.

Vistgerðir og gróður

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að birta vistgerðarkort eða gróðurkort af svæðinu þannig að hægt sé að fá upplýsingar um magn og verðmæti þess gróðurs/vistgerða sem er að finna á svæðinu.

Í svörum Arctic Hydro er vísað til upplýsinga um gróður sem lagðar voru fram þegar fjallað var um matsskyldu Hólsvirkjunar. Jafnframt kemur fram að sumarið 2017 verði frekari rannsóknir gerðar á votlendi og bakkagróðri sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Í frummatsskýrslu verði birt kort sem sýni útbreiðslu bakkagróðurs og votlendis á framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vistgerðum á framkvæmdasvæðinu og leggja mat á verðmæti þess gróðurs og vistgerða sem þar er að finna og á áhrif framkvæmdanna á þá þætti. Einnig að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til, eftir því sem við á.

Skipulag

Í kafla 3.2 í tillögu framkvæmdaraðila er fjallað um samræmi við skipulag. Auk þess sem þar er vísað til úr landsskipulagsstefnu, bendir Skipulagsstofnun á gr. 2.2 í stefnunni. Jafnframt er bent á að gera þarf grein fyrir samræmi jarðstrengs til Akureyrar við skipulag.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Arctic Hydro að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og



viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að afmarka efnistökusvæði, gera grein fyrir heildarefnisþörf og hámarki efnis sem fyrirhugað er að taka á hverjum efnistökuastað. Tilgreina þarf hvers konar jarðmyndanir verði nýttar til efnistöku. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum og frágangi hvers efnistökusvæðis að loknum framkvæmdum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu jarðstrengs frá stöðvarhúsi að tengivirki við flutningskerfi raforku. Gera þarf grein fyrir áhrifum jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.
3. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á uppdrætti eða loftmynd allar þekktar minjar og fyrirhuguð mannvirki og leggja mat á hvort og þá hvaða hættu minjum stafar af framkvæmdum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugað er að beita, eftir því sem við á.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vistgerðum á framkvæmdasvæðinu og leggja mat á verðmæti þess gróðurs og vistgerða sem þar er að finna og á áhrif framkvæmdanna á þá þætti. Einnig að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til, eftir því sem við á.
5. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 29. júní 2017

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson